

Ed.

319. Frumvarp til laga

[168. mál]

um breyting á ljósmæðralögum, nr. 17 19. júní 1933.

Flm.: Páll Þorsteinsson, Helgi F. Seljan.

1. gr.

4. gr. laganna orðist svo:

Launakjör skipaðra ljósmæðra skulu ákveðin með kjarasamningum eða af kjaradómi á sama hátt og laun opinberra starfsmanna, sbr. lög nr. 55 28. apríl 1962.

Laun skipaðra ljósmæðra í kaupstöðum skulu greidd mánaðarlega úr bæjarsjóði.

Laun skipaðra ljósmæðra í umdæmum utan kaupstaða skal greiða að einum þriðja hluta úr sýslusjóði og að tveimur þriðju hlutum úr ríkissjóði. Launin greiða sýslumenn ársfjórðungslega fyrir fram.

Skipaðri ljósmóður, sem falið er um stundarsakir að gegna nágrannaumdæmi, ber að greiða fyrir það byrjunarlaun þess umdæmis.

Ríkissjóður leggur til áhöld í ljósmæðraumdæmin, og ákveður landlæknir í samráði við skólastjóra og aðalkennara Ljósmæðraskóla Íslands, hver þau skuli vera.

2. gr.

Á eftir 4. gr. komi ný grein, sem verður 5. gr., svo hljóðandi:

Ljósmóðir, sem skipuð er í starf samkvæmt lögum þessum, á rétt á orlofi ár hvert á sama hátt og aðrir opinberir starfsmenn.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi 1. gr. laga nr. 23 1947, lög nr. 23 1948 og lög nr. 114 1951.

Ákvæði til bráðabirgða.

Á árinu 1972 skal hver sýslunefnd endurskoða skiptingu sýslunnar í ljósmæðraumdæmi, sbr. 2. gr. laganna.

Að endurskoðun lokinni skal sýslunefnd í hverju lögsagnarumdæmi gera ráðherra grein fyrir tillögum um skiptinguna og leita samþykkis hans á þeim.

Greinargerð.

Ljósmæðralög, nr. 17 1933, eru orðin svo gömul, að sum ákvæði þeirra samrýmast ekki þeim öru breytingum í þjóðfélaginu, sem orðið hafa.

Launakjör ljósmæðra eru í reynd ákveðin með öðrum hætti en lögin mæla fyrir um, enda orðið óhjákvæmilegt, að í framkvæmd sé vikið frá bókstaf laganna að því leyti. Í ljósmæðralögum eru engin ákvæði um orlof ljósmæðrum til handa hliðstætt því, sem aðrir opinberir starfsmenn eiga rétt á samkvæmt lögum.

Í 1. gr. þessa frv. er kveðið svo á, að laun skipaðra ljósmæðra skuli ákveðin með kjarasamningum eða af kjaradómi á sama hátt og laun annarra opinberra starfsmanna.

Samkvæmt 2. gr. frv. á að veita ljósmóður, sem skipuð hefur verið í starf, rétt til orlofs.

Í 2. gr. ljósmæðralaga, nr. 17 1933, segir svo: „Hverri sýslu landsins skal skipta í ljósmæðraumdæmi, og gerir sýslunefnd það með samþykki ráðherra. Skipa skal eina ljósmóður til að gegna hverju umdæmi, og hefur hún þar aðsetur, er sýslunefnd þykir hæfa.“

Með bráðabirgðaákvæði frumvarpsins er lagt til, að á árinu 1972 verði endurskoðuð skipting landsins í ljósmæðraumdæmi. Við þá endurskoðun ber m. a. að taka tillit til sérstöðu einstakra byggðarlaga, fólksfjölda, samgangna innan héraðs og þeirra breytinga, sem fyrirhugaðar eru á læknaskipan og heilsugæzlu.

Þá ber og að athuga, hvort hagkvæmt sé að auka verkefni ljósmæðra í umdæmum utan kaupstaða með því, að þær jafnframt ljósmóðurstarfi veiti héraðslæknum aðstoð við almenna heilsugæzlu.